



Aðildarfélag KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 19. janúar 2024

## Reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ 10. Janúar sl. var samþykkt tímabundin breyting [á reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu](#). Samþykkt þessi kemur í kjölfar ráðlegginga sem fram koma í dreifibréfi frá FIFA dags. 30. desember sl. ([FIFA Circular no. 1873](#)) og varða lagalega stöðu [FIFA reglugerðar um umboðsmenn](#). Samþykkti stjórn KSÍ því að fella úr gildi tímabundið tiltekna greinar/ákvæði í reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu á meðan óvissa ríkir um lagalega stöðu þeirra.

Greinar reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu sem samþykki stjórnar nær til og hefur áhrif á eru eftirfarandi:

- Greinar 8.6, 8.8 og 8.11 - Þóknun almennar reglur
- Grein 9 (málgreinar 1-4) - Hámark þóknunar
- Greinar 8.2 og 8.10 - Greiðsla þóknunar frá hendi umbjóðanda
- Greinar 8.7 og 8.12 – Tímasetning á greiðslu þóknunar
- Greinar 6.8; 6.9; og 6.10 - Tvíþætt umboð
- Greinar 10.2 stafliðir h), j) og k) og 10.4 - Tilkynningarskylda umboðsmanns
- Greinar 3.1, 10.2 stafliður b); 14 og 15 - Lögsaga og framkvæmd
- Grein 8.13 - Greiðsla þóknunar í gegnum FIFA Clearing House

Greinar sem taldar eru upp að framan hafa því fallið úr gildi tímabundið þangað til frekari upplýsingar eða niðurstaða liggur fyrir.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson,  
yfirlögfræðingur hjá KSÍ